



– fyrir íslenska verslun

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Jón Bjarnason
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2009

Umsögn um breytingar á reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla

Vísað er til kynningar á breytingum á reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla, sem birt hefur verið á heimasíðu ráðuneytisins. FÍS gerir eftirfarandi athugasemdir vegna málsins.

I. Almennt

Ekki verður séð af kynningu ráðuneytisins á breytingunum hvert markmið þeirra er. FÍS bendir á að það væri í anda góðrar stjórnáslu að gera skýr grein fyrir markmiðum breytinga reglugerðarinnar. FÍS telur hins vegar einsýnt að skoða megi þessar breytingar með hliðsjón af stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Þar er fyrsta „brýna aðgerðin“ sem tiltekin er á sviði sjávarútvegs að „knýja á um frekari fullvinnslu afla hérlendis“, m.a. með því að allur óunninn afli verði settur á innlandan markað. FÍS telur mikilvægt að eftir þessu sé unnið hvað varðar fisk sem fer út úr landinu óunninn án þess að hann sé boðinn upp hér á landi.

Ástæða er til að áréttta að þessi mál hafa verið í vinnslu í ráðuneytinu í langan tíma og er tilraunin með Fjölnet dæmi um það. Mikilvægt er að ráðuneytið vinni málið hratt og að áætlaður gildistími vigtarreglna gangi eftir. Eins er mikilvægt að tengsl vigtarmála við aðgengi að hráefni í gegnum fiskmarkaði séu höfð í huga.

II. Álit FÍS

- a. Í anda stjórnarsáttmálans er það skoðun Útflutningshóps FÍS að allur afli sem berst að landi verði vigtaður hér á landi sem og að hann verði seldur í gegnum markað hérlendis. Breyting á reglugerðinni er því framfaraskref að því leyti að afli verður vigtaður hérlendis.
- b. Það er ánægjuefni að loksins skuli jafnt yfir alla ganga þ.e. að allur afli sem veiddur er hér við land skuli vera vigtaður hér á landi. Með fyrirhuguðum breytingum verður ekki lengur fluttur út óvigtaður og óunninn afli í gámum á meðan allur annar afli er vigtaður af löggiltum vigtarmönnum hérlendis.
- c. FÍS leggur áherslu á að allur afli sem er tekinn sem úrtak í úrtaksvigtun verði seldur á fiskuppboðsmörkuðum á Íslandi. Með því er tryggt að úrtaksvigtun hafi farið fram og mögulegt er um leið að auka framboð á fiskmörkuðum hér á landi.



– fyrir íslenska verslun

- d. FÍŠ telur mikilvægt að tryggt sé að Fiskistofa hafi í öllum tilvikum eftirlit með vigtun á sinni hendi, en framselji það ekki áfram til annarra aðila.

III. Mögulegur ávinningur vigtunar á Íslandi og aukins aðgengis að hráefni

Breyttar vigtarreglur, sem ná því markmiði að meira hráefni verður boðið upp á fiskmarkaði á Íslandi, gefa innlendum vinnslum, jafnt eldri sem nýjum, tækifæri á að kaupa óunninn fisk til jafns við samsvarandi vinnslur á erlendri grundu. Það er bæði réttlætismál og samkeppnismál að hið opinbera búi þannig um hnútana að jafnræðis í aðgengi sé gætt.

Ofangreint myndi ekki aðeins leiða til aukinnar áframvinnslu á fiski hér á landi og fjölgunar starfa því samfara. Aukin áframvinnsla myndi einnig auka hlutdeild fiskiðnaðar – undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar - í landsframleiðslu. Á sl. 5 árum hefur fiskiðnaður einungis skilað u.þ.b. 5% af landsframleiðslu Íslands samanborið við um 9% fyrir 15 árum síðan.

Samkeppnisstaða íslensks útflutnings hefur aldrei verið sterkari. Það er orðið ódýrara að vinna fisk á Íslandi en t.a.m. í Portúgal og í Bretlandi. Þeim tilvikum fer fjölgandi þar sem erlendir kaupendur leita eftir áframvinnslu á Íslandi í stað þess að hún fari fram erlendis. Þess vegna er lag að auka á ný hlutdeild fiskiðnaðar í verðmætasköpun í landinu. Það er mögulegt þrátt fyrir aflaskerðingu.

Það getur ekki verið annað en jákvætt fyrir íslenskt efnahagslíf að uppboð á íslenskum fiski fari að jafnaði fram hérlendis. Það skapar störf og bætir verðmyndun á íslenskum afla. Eftir sem áður mun fiskurinn verða fluttur út að langstærstum hluta og verðmyndun miðast annars vegar við eftirspurn eftir fiski á heimsmarkaði og hins vegar við framboð á íslenskum fisktegundum og skyldum tegundum.

IV. Önnur atriði

FÍŠ áskilur sér rétt til að gefa út frekari álit á málinu á síðari stigum. **Minnt skal á að þó að í málinu felist talsverðar umbætur, þá eiga stjórnvöld enn eftir að taka afstöðu til hvernig tryggja megi að meira hráefni skili sér inn á fiskmarkaði í landinu.**

F.h. Útflutningshóps FÍŠ

Virðingarfyllst,

Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri FÍŠ